

## LÖG

### um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Útlendingur á ekki rétt á hæli hér á landi ef krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við honum.

2. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 25/2000, bætist: og samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. mars 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 13. mars 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*